



Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1 – 815 Þorlákshöfn
kt. 420369-7009

Skemmtileg vinna - hentug fyrir skólafólk!

**Okkur vantar ábyrgan einstakling
til þess að vinna með fötluðu barni í sumar**

Út á hvað gengur starfið?

Starfið felur í sér persónulegan stuðning fyrir barn sem elskar lífið, hefur gaman að dýrum, er einstaklega jákvætt og skemmtilegt, elskar að spjalla um lífið og tilveruna, er skapandi svo eitthvað sé nefnt. Í samvinnu við barnið er markmiðið að njóta sumarsins, félagslífs, menningar og að hafa gaman saman. Vinnutími er frá 8:00 til 16:00 alla virka daga, tímabil frá grunnskólalokum til skólabyrjunar.

- Góð reynsla fyrir nema á félagsfræðibraut eða þá sem hyggja á frekara nám á sviði félagsráðgjafar, sálfræði, þroskajálfunar, iðjuþjálfunar eða kennslu.

**Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, ábyrgir, jákvæðir
og hafa áhuga á að vinna með börnum eða einstaklingum með fötlun.**

Reyklausir

Helst með bílpróf og aðgang að bíl

Helst búsettir í Ölfusi eða nágrenni

**Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS.
Starfið hentar öllum kynjum.**

**Umsóknarfrestur er til 2. júní 2025 og þurfa umsóknir að berast í tölvupósti á
eyrun@olfus.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.